Ed. **263. Nefndarálit**

um frumvarp til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, 18. maí 1920.

Frá stjórnarskrárnefnd.

Allir nefndarmenn eru sammála um að mæla með öðru höfuðákvæði frumvarpsins, færslu aldursmarksins fyrir kosningarrétti og kjörgengi niður í

21 ár. Að öðru leyti hafa 3 nefndarmenn hreyft mismunandi breytingartillögum við frumvarpið og áskilið sér að bera þær fram hver fyrir sig eða tveir saman.

2 nefndarmenn (JónJ og PH) vilja hinsvegar samþykkja frv. óbreytt.

Alþingi, 24. marz 1931.

Jón Jónsson, form. Páll Hermannsson, fundaskrifari og frsm. Jón Baldvinsson.

Jón Þorláksson. Jóh. Jóhannesson.